

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

837. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 7. júlí 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Stefán Böðvarsson, Elín Jóna Rósinberg, Elín R. Líndal

Embættismenn:

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Dagskrá:

1. Bréf S.G verkstæðis.
2. Erindi Ferðamálastofu.
3. Bréf Selaseturs Íslands.
4. Bréf Svans Elíssonar
5. Erindi Landmótunar sf.

Afgreiðslur:

1. Lagt fram bréf S.G. Verkstæðis dags 26. júní sl. Uppsögn leigusamnings á húsnæði fyrir slökkvibíl.
2. Lagt fram erindi Ferðamálastofu dags 24.júní sl. þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa í svæðisbundna stýrihópa verkefnis um kortlagningu auðlinda í ferðaþjónustu á Íslandi. Samþykkt að tilnefna Gudrunu Kloes.
3. Lagt fram bréf Selaseturs Íslands dags 18. júní sl. þar sem Húnaþingi vestra er boðið að auka hlutfé sitt í Selasetri Íslands. Byggðarráð samþykkir að nýta ekki forkaupsrétt sinn.
4. Lagt fram bréf Svans Elíssonar dags 1. júlí sl. Þar sem spurt er um svæði þar sem hundaeigendur geta viðrað hunda sína og einnig er spurt um reglur varðandi uppsetningu rafmagnsgirðinga fyrir hesta. Ekki er til staðar sérstakt svæði innan þéttbýlisins fyrir lausagöngu hunda, en heimilt að vera með þá í taumi. Hestaeigendum hefur í sérstökum tilfellum verið heimilað að hafa hesta innan rafmagnsgirðingar innanbæjar í samráði við rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs, og er það hugsað til að losna við sinu og kerfil á opnum svæðum.
5. Lagt fram erindi Landmótunar sf. dags.12.júní vegna kostnaðar við aðalskipulagsgerð. Byggðarráð samþykkir áætlaðan kostnað samkvæmt erindinu Samþykkt að taka á dagskrá
6. Bréf Kærunefndar útboðsmála dags. 2. júlí sl. Í bréfinu kemur fram að kæru Hlöðunnar ehf. vegna útboðs Húnaþings vestra á framleiðslu skólamáltíða fyrir grunnskóla sveitarfélagsins og rekstur veitingahúss á Hvammstanga er vísað frá kærunefnd útboðsmála.

7. Lagt fram bréf Ferðamálafélags Vestur-Húnavatnssýslu dags. 5. júlí sl. þar sem óskað er eftir framlagi til að endurprenta 1000 eintök af kynningarbæklingi um Húnaþing vestra og 1200 eintök af korti af svæðinu. Byggðarráð samþykkir að greiða fyrir endurprentun á kortum. Kostnaður um 95.000 krónur rúmast innan fjárhagsáætlunar. Samþykkt að fresta ákvörðun varðandi endurprentun bæklingins.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:53

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Elín Jóna Rósinberg.

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.